

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Norðurorku hf. fyrir hitaveitur, nr. 1265/2011.

Samkvæmt lögum nr. 159 frá 20. desember 2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku hf. og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Norðurorku hf., fyrir hitaveitur, er taki þegar gildi.

Gjaldskrá Norðurorku hf., fyrir hitaveitur, nr. 1265/2011, breytist þannig:

5. gr.

Reykjaveita.

Fast gjald og gjald fyrir tengigrind er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetraffjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattsstundagildi (kWh) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattsstunda (kWh) er bakrásarhiti ákvarðaður með fast gildi 25°C.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattsstund (kWh) er kr. 3,32 samkvæmt kílóvattsstundamælingu. Norðurorka hf. ákvarðar hvort gjald fyrir afnot af vatninu er samkvæmt rúmmetramælingu eða kílóvattsstundamælingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. janúar 2012.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.